




Skagafjörður

Fjárhagsáætlun 2004



Efnisyfirlit

	Bls.		Bls.
Inngangur	2		
Helstu forsendur fjárhagsáætlunar	7		
Málaflokkar	8		
Sjóðir í A-hluta	14		
Eignasjóður – nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni	15		
Sjóðir í B-hluta	20		
Lántökur og fjárskuldbindingar ...	22		
Annað	23		
Lokaorð	24		
Samantekin reikningskil			
Samantekið rekstraryfirlit ...	26		
Samantekið efnahagsyfirlit .	27		
Rekstrarreikningur	28		
Efnahagsreikningur	29-30		
Sjóðstreymisyfirlit	31		
Lykiltölur	32		
Samantekin reikningskil A-hluta			
Rekstrarreikningur	34		
Efnahagsreikningur	35-36		
Sjóðstreymisyfirlit	37		
Lykiltölur	38		
Aðalsjóður			
Rekstrarreikningur	40		
Efnahagsreikningur	41-42		
Sjóðstreymisyfirlit	43		
Lykiltölur	44		
Eignasjóður			
Rekstrarreikningur	46		
Efnahagsreikningur	47-48		
Sjóðstreymisyfirlit	49		
Lykiltölur	50		
Þjónustustöð			
Rekstrarreikningur	52		
Efnahagsreikningur	53-54		
Sjóðstreymisyfirlit	55		
Lykiltölur	56		
		Samantekin reikningskil B-hluta	
		Rekstrarreikningur	58
		Efnahagsreikningur	59-60
		Sjóðstreymisyfirlit	61
		Lykiltölur	62
		Hafnarsjóður Skagafjarðar	
		Rekstrarreikningur	64
		Efnahagsreikningur	65-66
		Sjóðstreymisyfirlit	67
		Lykiltölur	68
		Skagafjarðarveitur ehf.	
		Rekstrarreikningur	70
		Efnahagsreikningur	71-72
		Sjóðstreymisyfirlit	73
		Lykiltölur	74
		Fráveita Skagafjarðar	
		Rekstrarreikningur	76
		Efnahagsreikningur	77-78
		Sjóðstreymisyfirlit	79
		Lykiltölur	80
		Félagsíbúðir Skagafjarðar	
		Rekstrarreikningur	82
		Efnahagsreikningur	86-84
		Sjóðstreymisyfirlit	85
		Lykiltölur	86
		Húseignir Skagafjarðar ehf.	
		Rekstrarreikningur	88
		Efnahagsreikningur	89-90
		Sjóðstreymisyfirlit	91
		Lykiltölur	92
		Skipting ráðstöfunarfjár aðalsjóðs	94

1. Inngangur

Sú fjárhagsáætlun sem nú er lögð fram einkennist af aðhaldi í rekstri og þróngum kosti. Nýlega lauk endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2003 og skv. henni verður halli á rekstri ársins 2003 þó skuldir hækki ekki milli árána 2002 og 2003. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2004 sem lögð var fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu var með aukningu skulda um tæpar 30 milljónir. Sú fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram til seinni umræðu í sveitarstjórn er með 20% minni halla á aðalsjóði miðað við fyrri umræðu. Nefndir hafa verið að störfum dag og nótt við að fara yfir alla útgjaldaliði. Niðurstaðan er ekki ásættanleg þar sem fjárhagsáætlun er lögð fram með halla á aðalsjóði og halla á samstæðureikningi og aukningu skulda um 1,4% milli ára. Betur má ef duga skal til lengdar og mun meirihluti sveitarstjórnar hvergi kvika frá þeirri vinnu sem hófst fyrir um ári síðan með skipulagsbreytingum og hagræðingum sem hafa skilað miklum árangri nú þegar. Rekstrareiningar skiluðu góðu starfi á árinu 2003 og héldu sig flestar innan fjárheimilda sem er mikil bragarbot en ofáætlaðar tekjur settu strik í reikninginn. Tekjur eru varlega áætlaðar fyrir árið 2004 og dregið úr kostnaði við rekstur. Þess má geta að um land allt eru sveitarfélög um þessar mundir að leggja fram hallaáætlanir fyrir næsta ár og af umræðum á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga er ljóst að afar brýnt er orðið að endurskoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga og ýmiss samstarfsverkefni. Átak í stækkun og fækkun sveitarfélaga bætir ekki eitt og sér bága fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

Vinna við aðalskipulag gengur vel og fer að síga á seinni hlutann í þeirri vinnu. Í aðalskipulagi kemur fram stefna sveitarfélagsins til lengri tíma varðandi uppbyggingu, markmið og framtíðarsýn. Þegar aðalskipulag liggur fyrir samþykkt er hægt að fara á formlegan og skipulegan hátt í það verk að fá í Skagafjörð stærri atvinnurekstur og er vinna þegar hafin að þessum málum m.a. í samstarfi við A-Húnavetninga. Norðurland vestra geymir mikla orku sem nauðsynlegt er að nýta til atvinnuuppbyggingar. Verður farið af stað af fullum krafti með vorinu og á skipulagðan hátt verður unnið að því að fá í Skagafjörð atvinnuskapandi verkefni. Þessi vinna verður markviss og tímabær þegar ljóst verður hvar skipulagðar stærri og minni iðnaðarlóðir verða staðsettar á aðalskipulagi.


Samgöngur hafa verið að taka á sig æ betri mynd og þegar er orðin mikil umferð um Þverárfjallsveg. Með tilkomu hans er ljóst að samgangur milli A-Hún. og Skagafjarðar mun aukast verulega með tilheyrandi samlegðaráhrifum þessara svæða í félagslegum og atvinnulegum skilnigi. Einnig hefur mikil umræða verið um samgöngur um Tröllaskaga en sveitarstjórn hefur minnt á óburða samgöngur úr Fljótum yfir í Eyjafjörð og umræða er þegar komin í gang með jarðgöng úr Hjaltadal til Eyjafjarðar. Atvinnulífið er brothætt og viðskipti nútímans gefa að því er virðist lítið svigrúm til mannglegrar tillitssemi og er nauðsynlegt að vera vel á varðbergi í þeim efnunum. Mikil umbrot hafa verið í skólumálum á framhalds- og háskólastigi. Á sama tíma og nemendum fækkar í FNV, sem er áhyggjuefni, dafnar og vex Hólaskóli sem aldrei fyrr. Starfssemi Hólaskóla teygir sig nú til Saudárkróks með tilkomu samstarfs skólans og Fiskiðjunnar sem bundnar eru miklar vonir við enda mikil framsýni þar á ferðinni. Farskóli Norðurlands vestra hefur einnig verið að festa sig æ meira í sessi og stunda nú margir nemendur háskólanám í heimabyggð með aðstoð Farskólans og þeirri námsaðstöðu sem þar er boðið upp á. Töluvert hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði í Skagafirði undanfarið en enn er húsnæðisskortur, framboð á atvinnu er til staðar og hverfandi atvinnuleysi. Ferðamönnum fjölgar stöðugt og í nýjustu tölum Hagstofunnar um gistinætur á hótelum má sjá að í október varð 100% fjölgun á gistinóttum á Norðurlandi og mesta fjölgun gistinátta á öllu landinu. Störfum innan ferðaþjónustunnar fjölgar ört og innan fárra ára gæri farið svo að þessi atvinnugrein hefði flest störf á Íslandi. Þessa ber einnig merki í Skagafirði en mikil fjölgun

Sveitarfélagið Skagafjörður

ferðamanna hefur orðið vart í Upplýsingamiðstöðinni í Varmahlíð og í fjölgun heimsóknna á söfn. Á árinu 2004 má búast við gríðarlegri aukningu ferðamanna í Skagafjörð m.a. með tilkomu Landsmóts UMFÍ næsta sumar og nokkurra stórra ráðstefna sem fyrirhugaðar eru í Skagafirði. Landbúnaður í Skagafirði hefur ekki farið varhluta af samdrætti í greininni en þó hefur skagfirskum bændum tekist vel að aðlaga sig að breyttum aðstæðum og forsjálni í kvótamálum kemur þar þeim til tekna. Útgerð er traust í sessi og þrátt fyrir gjaldþrot Höfða ehf þá hefur tekist að koma vinnslu aftur af stað í fiskvinnsluhúsi FISK á Hofsósi og standa vonir til að starfssemi þar aukist með tímanum. Örlög byggðakvótans á næsta ári kemur til með að skipta miklu um fiskvinnslu á Hofsósi en vonir standa til að hann minnki ekki frá því sem nú er.

2. Sveitarfélagið Skagafjörður

Miklar breytingar hafa verið gerðar á skipuriti sveitarfélagsins og mikil vinna verið lögð í að yfirfara og gera ráðningarsamninga og starfslýsingar. Um nokkura mánaða skeið hefur nú verið unnið eftir þessu nýja skipuriti og árangurinn að koma í ljós. Það var í apríl sl. sem síðasti sviðsstjórinn var ráðinn til starfa og skipuritið var síðan fullmannað í ágúst. Það tekur að sjálfsögðu tíma að samhæfa störf og sníða af agnúa en tilkeyrslan gengur mjög vel.



Eignasjóður

Meginmarkmið eignasjóðs eru:

1. Að veita góða þjónustu við notendur húsnæðis í eigu sveitarfélagsins
2. Að bæta viðhald húsnæðis í eigu sveitarfélagsins með kerfisbundnum hætti
3. Að ná fram hagkvæmari innkaupum á vöru og þjónustu og ná fram sem bestri nýtingu á húsnæðinu
4. Að sjá til þess að framkvæmdir séu í samræmi við tíma- fjárhags- og kostnaðaráætlanir hverju sinni.
5. Að koma upp skráningu á viðhaldi fasteigna sveitarfélagsins.

Sviðsstjóri eignasjóðs er eini starfsmaðurinn á þessu sviði í einu stöðugildi en hann vinnur náið með umhverfis- og tæknisviði að ýmsum verkefnum svo sem úttektum á ástandi eigna og viðhaldsáætlunum. Bygðarráð er jafnframt stjórn eignasjóðsins og fer með málefni hans.

Fjármálasvið

Meginmarkmið fjármálasviðs eru:

1. Að vera stoðsvið við önnur svið sveitarfélagsins.
2. Að halda utan um fjármál sveitarfélagsins og hafa ávallt bókhald og fjárreiður í góðu lagi.
3. Að halda utan um innheimtumál sveitarfélagsins og annast launaútreikninga og greiðslur skuldbindinga.
4. Að sinna þeim erindum sem sveitarfélaginu berast, sjá til þess að þau rati réttar boðleiðir og tilkynna síðan réttum aðilum niðurstöður.

Á fjármálasviði eru fimm starfsmenn í fimm stöðugildum; sviðsstjóri fjármálasviðs, tveir í bókhaldi, einn í launabókhaldi og einn í innheimtu/reikningagerð. Á árinu 2003 var fækkað um hálf stöðugildi á sviðinu, í launadeild. Starfsemi á sviðinu verður með svipuðu sniði á árinu 2004 og í ár, nema það mun taka þó nokkurn tíma frá starfsmönnum að taka í gagnid og aðlaga nýtt upplýsingakerfi sem ákveðið er að ganga til samninga um við Element ehf. Kostnaður við rekstur sviðsins er fært á málaflokk 21 – Sameiginlegan kostnað.

Fjölskyldu- og þjónustusvið

Meginmarkmið fjölskyldu- og þjónustusviðs eru yfirumsjón með fræðslumálum, félagsþjónustu og æskulýðsmálum í sveitarfélaginu. Málaflokkar sem heyra undir sviðið eru.

1. Fræðslumál
2. Félagsþjónusta
3. Æskulýðs- og tómstundamál
4. Íþróttamál
5. Forvarnir
6. Jafnréttismál
7. Málefni fatlaðra
8. Málefni aldraðra
9. Barnavernd

Innan fjölskyldu- og þjónustusviðs hefur verið unnið að mótun Fjölskylduþjónustu Skagafirdinga. Markmið fjölskylduþjónustunnar er að veita samþætta og heildstæða þjónustu í sínum málaflokkum. Á skrifstofu Fjölskylduþjónustunnar eða í nánnum tengslum við hana starfa 10 starfsmenn í 8,3 stöðugildum auk tveggja sérfræðinga sem ráðnir eru sem verktakar. Auk sviðsstjóra starfa þar fræðslu- og íþróttafulltrúi, æskulýðs- og tómstundafulltrúi, félagsráðgjafi, sérkennslufulltrúi, forstöðumaður heimaþjónustu, þroskaþjálfar og starfsmaður

er fer með atvinnu með stuðningi fyrir fólk með fötlun. Tveir sálfræðingar og talmeinafræðingur starfa sem verktakar í hlutastörfum í sem svarar 0,6 stöðugildum

Markaðs- og þróunarsvið

Meginmarkmið markaðs- og þróunarsviðs eru:

1. Að vera stöðsvið við önnur svið sveitarfélagsins
2. Sjá um auglýsingar og markaðssetningu.
3. Sinna atvinnu-, ferða- og menningarmálum.
4. Starfsþróun og símenntun starfsmanna.
5. Skjalavistun, tölvuumsjón, afgreiðsla og rafræn samskipti.

Á markaðs- og þróunarsviði starfa auk sviðsstjóra; afgreiðslufulltrúi, ritari og tölvuumsjónarmaður sem hefur starfsstöð í Árskóla. Að auki er starfsmaður Anvest settur sem starfsmaður markaðs- og þróunarsviðs en á ráðningarsamningi hjá Anvest.

Umhverfis- og tækni svið

Meginmarkmið umhverfis- og tækni sviðs eru:

1. Sinna umhverfismálum
2. Umsjón með skipulags- og byggingarmálum.
3. Umsjón með verklegum framkvæmdum


Á umhverfis- og tækni sviði starfa auk sviðsstjóra, skipulags- og byggingarfulltrúi, aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa og aðstoðarmaður á tæknideild. Á þessu sviði er nú búið að sameina málefni sveitarfélagsins sem eru tæknilegs eðlis og tengjast verklegum framkvæmdum.

Hér að ofan hefur verið tíunduð í grófum dráttum sú starfssemi og starfsfólk sem er í Ráðhúsi sveitarfélagsins. Alls eru þetta auk fimm sviðsstjóra 19 starfsmenn, þar af eru fjórir í hlutastörfum og svo eru tveir starfsmenn við ræstingar í Ráðhúsinu. Forstöðumenn rekstrareininga eru 29 og heyra eftir atvikum beint undir sviðsstjóra eða undirmenn þeirra.

Hagstofan mun væntanlega birta tölur um fjölda íbúa á Íslandi 20. desember miðað við 1. desember 2003. Skv. upplýsingum um brottflutta og aðflutta í sveitarfélagið fyrstu níu mánuði ársins þá er lítið eitt fækkun íbúa í sveitarfélaginu. Frá 1995 fækkaði íbúum stöðugt þar til fjölgun varð árið 2002 en einnig má líta svo á að frá 1995 hafi fækkun íbúa verið stöðugt minnkandi þar til fjölgaði í sveitarfélaginu árið 2002. Líkur er á að íbúafjöldi standi í stað á árinu 2003 miðað við árið 2002. Nýlega var samþykkt á Alþingi tillaga um kr. 400 milljóna aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna fjárskorts þeirra á árinu 2003. Nú er orðið ljóst að kr. 150 milljónir af því fjármagni fer til sveitarfélaga sem hafa búið við fækkun íbúa á

árábilinu 2001 – 2002 og kemur því væntanlega ekkert af því í hlut Skagafjarðar. Hins vegar má búast við úthlutun úr kr. 250 milljónum sem eftir eru en skiptingin er ekki ljós á þessari stundu. Kemur þetta framlag til með að laga rekstrarniðurstöðu ársins 2003 frá því sem birt er í endurskoðaðri fjárhagsáætlun.

Þróun íbúafjölda



3. Helstu forsendur fjárhagsáætlunar

Erfitt getur verið að áætla tekjur komandi árs sérstaklega í árferði sem nú bíður þ.e. lausir kjarasamningar og yfirvofandi áhrif starfsmats. Til að mæta þeim væntanlegu en óvæntu útgjöldum hefur verið gert ráð fyrir töluverðri hækkun á liðnum *óvenjulegir liðir*. Forsendur fjárhagsáætlunar 2004 eru eftirfarandi:

Vísitala neysluverðs hækki um 2,5% á árinu 2004
Útsvarstekjur hækki um 3,36%
Atvinnuleysi verði áfram lítið
Framlag úr Jöfnunarsjóði hækki um 5,35%
Fasteignaskattstekjur hækki um 6,92%
Fjöldi íbúa verði óbreyttur frá fyrra ári þ.e. 4.165.

Tekjur aðalsjóðs eru því áætlaðar sem hér segir (í þús. króna):

Útsvar	770.000,-	63,8%
Fasteignaskattur	104.200,-	8,6%
Jöfnunarsjóður	313.000,-	25,9%
Lóðarleiga	19.500,-	1,6%
Kostnaður	-3.000,-	
Samtals	1.206.700,-	

Tekjur:

Útsvar.

Sveitarstjórn ákvað á fundi sínum í desember hámarksálagningu útsvars árið 2004 eða 13,03%.

Fasteignaskattur.

- 0,43% af fasteignarmati íbúðarhúsnæðis. Afsláttur er veittur til elli- og örorkulífeyrisþega skv. sérstökum reglum sveitarfélagsins þar um.
- 1,58% af fasteignarmati annarra fasteigna á Sauðárkóki en 1,52% utan Sauðárkróks..

Jöfnunarsjóður.

Áætlun um framlög er unnin í samvinnu við starfsmenn sjóðsins og reiknað er með 5,35% hækkun milli ára. Framlögin eru; tekjujöfnunarframlag, útgjaldajöfnunarframlag, jöfnun vegna fasteignaskatts, framlag vegna nýbúafræðslu og framlag vegna húsaleigubóta (fært á málaflokk 02).

Lóðarleiga.

Álagningin er 1,0% af fasteignamati vegna íbúðalóða og 2% af fasteignamati atvinnulóða. Áætlað er að fasteignarmatsstofnin hækki í sveitarfélaginu um 10% vegna íbúða og íbúðalóða, bændabýla og bújörðum. Fasteignamat vegna atvinnulóða hækkar ekkert milli ára.

Sorphirðugjald og sorpurðunargjald.

- Vegna íbúðarhúsnæðis kr. 7.700,- á hverja íbúð.
- Vegna fyrirtækja skv. sérstakri gjaldskrá sem hækkar um 10%.

Almenn þjónustugjöld.

Almennt hækka þjónustugjöld í samræmi við verðlagshækkanir. Þó er verið að skoða nánar sum þjónustugjöld t.d. leikskólagjöld með tilliti til sambærilegra sveitarfélaga.

Gjöld:

Almenn rekstrarútgjöld án fjármagnsliða.

Meðalhækkun nemur um 4,41% milli ára.

Launaliðir.

Hækkun áætluð að meðaltali um 2,65% milli ára, mismunandi eftir stofnunum og kjarasamningum en kjarasamningar eru margir lausir á árinu og ríkir því viss óvissa um þennan þátt. Gert er ráð fyrir auknum útgjöldum vegna þessa í málaflokki 27.

Annað.

Gerðar eru leiðréttingar almennt miðað við þekktar magnbreytingar.

Ýmis útgjöld og óvenjulegir liðir.

Kr. 27 millj. í rekstri sem skiptist á milli krafna og komandi launahækkana vegna starfsmats og kjarasamninga á árinu.

4. Málaflokkar

Hér á eftir verður fjallað um einstaka málaflokka með tilliti til rekstrar og fjárfestinga á árinu 2004. Þegar hefur verið fjallað um skatttekjur. Málaflokkar sveitarfélagsins eru eftirfarandi:

Aðalsjóður

- 00 Skatttekjur
- 02 Félagsþjónusta
- 03 Heilbrigðismál (*Heilsværd*)
- 04 Fræðslu- og uppeldismál
- 05 Menningarmál
- 06 Æskulýðs- og íþróttamál
- 07 Brunamál og almannavarnir
- 08 Hreinlætismál
- 09 Skipulags- og byggingarmál
- 10 Umferðar- og samgöngumál (*Götur, holtrasi og umferðarmál*)
- 11 Umhverfismál (*Almenningsgarðar og útivist*)
- 13 Atvinnumál
- 21 Sameiginlegur kostnaður (*Yfirstjórn sveitarfélagsins*)
- 27 Óvenjulegir liðir
- 28 Fjármagnsliðir.

Aðrir sjóðir í A – hluta


- Eignasjóður
- Vélamiðstöð/áholdahús

Sjóðir í B – hluta

- Hafnarsjóður Skagafjarðar
- Fráveita.
- Félagsíbúðir Skagafjarðar
- Skagafjarðarveitur ehf.

Fróðlegt er að gaumgæfa hversu hátt hlutfall af skatttekjum hver málaflokkur er að taka til sín af heildinni. Hef ég brugðið á það ráð að vinna samanburð úr Árbók sveitarfélaga fyrir árið 2002 en þar gefur að líta hlutfall rekstrar hvers málaflokks í heildarrekstrarútgjöldum sveitarfélaga fyrir allt landið og borið við hlutfall rekstrar hvers málaflokks í fjárhagsáætlun fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð 2004.

Rekstur málaflokka 2004



00 Skatttekjur (Sameiginlgar tekjur)

Undir þennan málaflokk falla allar tekjur sveitarfélagsins sem heyra undir ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. útsvar, fasteignaskattur, framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að undanskildum stofnframlögum, og aðrar þær tekjur, sem eðli sínu samkvæmt geta talist skattar. Undir málaflokkinn falla einnig tekjur sveitarfélaga af lóðarleigu.

Tekjur skulu flokkast án tillits til þess hvort þær hafa verið innheimtar eða ekki. Þegar óvíst er um hvort tekjur innheimtist, þarf að gera ráð fyrir töpum. Óbein afskrift eða niðurfærsla á óinnheimtum skatttekjum í árslok flokkast til lækkunar á skatttekjum ársins.

Aðaltekjustofn sveitarfélagsins er **útsvarið** og nýtir sveitarfélagið sér hámarksútsvarsprósentu eða 13,03%. En meirihluti sveitarfélaga í landinu nýta sér nú hámarksútsvarsprósentu og mörg hafa hækkað útsvarsprósentuna fyrir árið 2004. Samtals er áætlað að útsvar skili sveitarfélaginu kr. 770 milljónum króna sem er hækkun um 3,36 % frá áætlaðri lokastöðu ársins 2003. Reiknað er með að **fasteignaskattur** skili sveitarfélaginu kr. 104,6 milljónir sem er rúmlega 6,92 % hækkun. Framlög úr **Jöfnunarsjóði** er næst stærsti tekjustofninn. Mun lægri upphæð kom í hlut sveitarfélagsins frá Jöfnunarsjóði á árinu 2003 en gert hafði verið ráð fyrir en reiknað er með kr. 313 milljón króna framlagi árið 2004 sem er um 5,35 % hækkun frá fyrra ári. Áætlað er að **lóðarleiga** hækki lítið eitt og verði kr. 19,5 milljónir.

02 Félagsþjónusta.

Nettó kostnaður	Hlutfall af skatttekjum
kr. 67.900.000	5,64%

Undir þennan málaflokk falla 22 rekstrareiningar eða útgjaldaliðir. Farið var ítarlega yfir rekstur allra þátta og hagrætt sem kostur var. Einstaka liðir hækka frá því á síðasta ári og má þar nefnda 02-11 Félagshjálp/fjárhagsaðstoð en hækkun viðmiðunarmarka launa vegna fjárhagsaðstoðar hefur hækkað töluvert. Húsaleigubætur voru vanáætlaðar á árinu 2003 og stefnir allt til verulegrar hækunar á þessum lið. Verið er að skoða hlutdeild ríkisins í þessum gjaldalið en hún þykir heldur rýr. Sú nýbreytni hefur nú komist til framkvæmda að afsláttur af leikskólagjöldum er nú fært undir félagsþjónustu sem fjárhagsaðstoð. Fjárhagsaðstoðarliðurinn er skilgreindur sem bundinn liður, sem þýðir að ekki er unnt að færa fjármagn af þeim lið eða til hans innan ramma félagsþjónustu. Framlag til félagsstarfs eldri borgara hækkar nokkuð en leitast er við samþætta þann málaflokk tómsundamálum annarra aldurshópa.

03 Heilsuvernd.

Nettó kostnaður	Hlutfall af skatttekjum
kr. 8.385.000,-	0,70%

Hér er um að ræða húsaleigukostnað vegna heilsugæslu/dvalarheimilis aldraðra.

04 Fræðslumál- og uppeldismál

Nettó kostnaður	Hlutfall af skatttekjum
kr. 690.400.000,-	57,39%

Verulega hefur lækkað hlutfallslegt framlag til fræðslumála milli ára og sem ástæðu má nefna afnám skólastarfs að Steinsstöðum á miðju ári 2003, hagræðingu í rekstri og aðhald. Fræðslumálin taka langmest til sína af einstökum málafökkum. Aukið eftirlit með fjármálum hefur einnig skilað nokkurri útgjaldalækkun. Liðirnir vörukaup og þjónustukaup haldast lítt breyttir frá fyrra ári þrátt fyrir verðlagshækkunir í þjóðfélaginu. Ítrasta aðhalds er gætt varðandi launaliði sem eru nokkurn veginn þeir sömu og voru 2003

05 Menningarmál.

Nettó kostnaður	Hlutfall af skatttekjum
kr. 63.455.000,-	5,27%

Alls heyra fjórtán rekstrareiningar undir menningarmál. Safnahúsið, Héraðsbókasafnið, Byggðasafnið í Glaumbæ, ritun byggðasögu og rekstur félagsheimila eru þar stærstu útgjaldaliðirnir.

06 Æskulýðs- og íþróttamál.

Nettó kostnaður	Hlutfall af skatttekjum
kr. 165.680.000,-	13,76%

Alls heyra tuttugu rekstrareiningar undir þennan málaflokk en hér er um að ræða næst stærsta málaflokkinn hvað útgjöld varðar. Stærsti útgjaldaliðurinn eru íþróttahúsin eða tæpar 93 milljónir kr. Styrkir til íþróttamála eru 30,7 milljónir og er það lækkun um tæpar tvær

Sveitarfélagið Skagafjörður

milljónir frá 2003. Á móti kemur að framlög til íþróttavalla hækka um nánast sömu tölu en það er tímabundin aðgerð vegna væntanlegs Landsmóts UMFÍ n.k. sumar. Styrkir til íþróttamála skiptast annars vegar í húsaleigustyrki til íþróttafélaganna vegna tíma í íþróttahúsum og hins vegar beinir peningastyrkir til félaga og einstaklinga.

Vinnuskóli Skagafjarðar var tekinn til gagngerðrar endurskoðunar á yfirstandandi ári. Framlag er hækkað um 18% nú. Kemur þar aðallega til mikil fjölgun nemenda frá fyrra ári. Félagsmiðstöð fyrir allan Skagafjörð er rekin á þremur stöðum. Lögð er til aukning uppá 9,27% vegna aukinnar aðkeyptrar þjónustu. Launaliðir eru óbreyttir. Nærri 500 börn og unglingar sækja félagsmiðstöðvarnar og eru stöðugildi alls 1,6. Styrkur til æskulýðsmála helst að mestu óbreyttur en hann skiptist annarsvegar í húsaleigustyrki og hinsvegar almenna rekstarstyrki til frjálsra félagasamtaka og einstaklinga.

07 Bruna- og almannavarnir.

Nettó kostnaður	Hlutfall af skatttekjum
kr. 31.435.000,-	2,61%

Brunavarnaáætlun var nýlega undirrituð af brunamálastjóra, sveitarstjóra og oddvita Akrahrepps. Alls eru fimm rekstrarliðir undir þessum málaflokki. Lang stærsti útgjaldaliðurinn er rekstur brunavarna. Liðurinn ýmsir styrkir er óbreyttur frá fyrra ári eða kr. 1.500.000,- en þarna er um að ræða styrki til björgunarsveita í Skagafirði.

08 Hreinlætismál.

Nettó kostnaður	Hlutfall af skatttekjum
kr. 18.430.000,-	1,53%

Þessi málaflokkur inniheldur tekjur og gjöld vegna sorphreinsunar, sorpurðunar, spilliefnamóttöku og brotamálma, gatnahreinsunar svo og tekjur og útgjöld við eftirlit með hundahalds í þéttbýli. Einnig er fært hér framlag sveitarfélagsins til reksturs Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Sorphirðu- og sorpurðunargjöld eru innheimt samkvæmt "Samþykkt fyrir sorphirðu og sorpurðun í Skagafirði".

Samningur er við verktaka um leigu og losun á sorpgámum en um 35 gámar eru í notkun. Gámalosanir eru um 1800 á ári. Einnig er samningur við verktaka um vikulega sorphreinsun á Sauðárkróki en starfsmenn áhaldahúss sjá um hreinsunina í Varmahlíð og Hofsósi. Heyrúllu- og baggplast er sótt heim á bæi tvisvar á ári.

Urðun sorps fer fram í landi Skarðs, rétt utan við Sauðárkrók. Þetta urðunarsvæði er rekið á undanþágu, þar sem það uppfyllir ekki þær kröfur sem til slíkra svæða eru gerðar. Á svæðinu er urðað sorp frá sveitarfélaginu og einnig frá Siglufirði og Akrahreppi. Sveitarfélagið sér um að láta grafa gryfjur til urðunar, en aðrir verkþættir eru unnir af verktaka. Verulegar breytingar til batnaðar hafa orðið á síðustu árum en það er með tilkomu sorptroðara og nets á svæðið.

Með sorptroðaranum næst margföld ending á urðunargryfjuna. Sett hefur verið upp net yfir þann hluta gryfjunnar, sem í notkun er og heftir það fok af svæðinu og varnar því að vargfugl komist að.

Sveitarfélagið Skagafjörður

Spilliefnamóttaka er í Áhaldahúsinu og er tekið á móti 33 til 35 tonnum á ári. Starfsmenn Áhaldahúss ganga frá efnunum til flutnings en Efnamóttaka í Reykjavík tekur við efnunum til eyðingar. Stefnt er að því að kynna betur spilliefnamóttöku og minnka þar með það magn spilliefna, sem fer á urðunarsvæðið. Á síðasta ári var flokkað og pressað um 1250 tonn af brotajárni. Sveitarfélagið tekur á móti brotajárni til endurvinnslu.

Undir þennan málaflokk heyrir einnig götusópun, þrif á götum og gangstéttum í sveitarfélaginu, ruslatínsla af götum, graseyjum og opnum svæðum alla daga vikunnar, tæmingu stauraruslatunna og hreinsun fjöru.

09 Skipulags- og byggingarmál.

Nettó kostnaður	Hlutfall af skatttekjum
kr. 30.845.000,-	2,56%

Starfsmenn Umhverfis- og tæknisviðs eru fjórir, þar af eru stafsmenn Skipulags- og byggingarfulltrúaembættisins tveir. Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Skagafjarðar sinnir lögbundnum verkefnum Sveitarfélagsins í samræmi við skipulags- og byggingarlög. Hefur yfirumsjón með skráningu fasteigna og lóða og er tengiliður Sveitarfélagsins við Fasteignamat ríkisins. Embættið sinnir sömu málaflokkum í Akrahreppi samkvæmt samningi þar um.

Heildarkostnaður á milli árána 2003 og 2004 er nær óbreyttur, samkvæmt þessari áætlun. Gera má ráð fyrir að kostnaður við rekstur embættisins verði í samræmi við þróun verðlags í landinu og að umfang starfseminnar verði með svipuðum hætti á næsta ári.

Helstu útgjaldaliðir eru aðkeypt sérfræðipjónusta, aðalega á sviði skipulagsmála, lóðamála og landmælinga og kortagerðar. Ýmis lögbundinn kostnaður eins og fornleifaskráning er óumflýjanlegur en einnig er kostnaður við uppkaup fasteigna og lóða, sem af skipulagsástæðum þurfa að víkja, kostnaður við rekstur og rekstrarleigu tveggja bifreiða umhverfis- og tæknisviðs. Árleg kaup Fasteignaskrár eru hér gjaldfærð. Einnig er rétt að geta þess að reikna má með nokkrum kostnaði vegna gerðar aðalskipulags.

Tekjumegin er kostnaðarþátttaka annarra við skipulagsgerð, tekjur vegna byggingarleyfisgjalda, útseld vinna starfsmanna til annarra deilda og hlutdeildar Akrahrepps í rekstri embættisins.

10 Umferðar og samgöngumál.

Nettó kostnaður	Hlutfall af skatttekjum
kr. 35.050.000,-	2,91%

Á þennan málaflokk flokkast kostnaður vegna gatna, gangstétta, götulýsingar, umferðar- og gatnamerkinga, snjómoksturs o.fl. Á þennan lið færast sem tekjur endurgreiðsla frá Vegagerð ríkisins, þar sem sveitarfélagið tekur að sér hluta veghalds á þjóðvegum innan þéttbýlis, sem dæmi Strandvegurinn. Allur kostnaður vegna viðhalds gatna, gangstétta og kantsteina færast á þennan lið.

Götur í sveitarfélaginu með malbiki eru 138.000 m², með klæðningu 63.000 m² og malargötur 18.000 m² og er lengd gatnakerfisins um 33 km, lengd á kantsteinum um 50 km, gangstéttar eru um 32.000 m² og regnvatnsræsi um 21 km. Forgangsverkefni í viðhaldi gatna er að yfirleggja

Sveitarfélagið Skagafjörður

Túngötu, Skagfirðingabraut að hluta og Lækjarbakka. Einnig er brýnt að bæta umferðarmerkingu á Hofsósi. Fjöldi götuljósastaura er um 1350 stk.

Snjómokstri í þéttbýlum er stjórnað af starfsmönnum sveitarfélagsins og af starfsmönnum Vegagerðarinnar á vegum utan þéttbýlis.

11 Umhverfismál.

Nettó kostnaður	Hlutfall af skatttekjum
kr. 28.735.000,-	2,39%

Undir þessum málaflokki eru ellefu rekstrareiningar og fer þar mest fyrir opnum svæðum eða kr. 13.800.000,- sem er hækkun um rúmar eina og hálf milljón frá árinu 2003. Náttúrustofa er með fasta framfærslu frá sveitarfélaginu sem fer eftir samningi Umhverfissráðuneytisins og sveitarfélaganna í Skagafirði en sveitarfélögin í Skagafirði greiða 30% af framlagi ríkisins til Náttúrustofu Norðurlands vestra.

13 Atvinnumál

Nettó kostnaður	Hlutfall af skatttekjum
kr. 39.000.000,-	3,24%

Til málaflokksins er áætlað að setja svipaða upphæð og árið á undan. Bróðurparturinn af því fjármagni sem heyrir undir málaflokkinn atvinnumál er fastur styrkur til Hestamiðstöðvarinnar kr. 15.000.000,-. Sviðsstjóri Markaðs- og þróunarsviðs fer með atvinnumál og heyrir undir atvinnu- og ferðamálanefnd. Laun hans falla undir liðinn yfirstjórn sveitarfélagsins. Samningur um aðild sveitarfélagssins að Markaðsskrifstofu Norðurlands tók gildi á miðju ári 2003 og er til þriggja ára og er kostnaður áætlaður kr. 2,5 milljónir á ári vegna samningsins. Stefnt er að setja kraft í nýsköpun í atvinnulífi og auka rannsóknir sem því tengjast.

21 Sameiginlegur kostnaður

Nettó kostnaður	Hlutfall af skatttekjum
kr. 105.390.000,-	8,76%

Helstu gjaldaliðir eru laun kr. 63.310.000,- skýrsluvélaþjónusta, innleiðing á nýjum upplýsingakerfum og Microsoft leyfi. Innan þessa málaflokks er kr. 6,5 milljón sem er reiknuð húsaleiga vegna húsnæðis sem ekki er í útleigu hjá eignasjóði.

Framlög eigin fyrirtækja kr. 5.100.000,- er arðgreiðsla frá EBÍ og Hf. Eimskipafélagi Íslands og arðgreiðslur veiðifélaga. Einnig koma til tekjur kr. 7.300.000,- frá Sauðárkrókshöfn, Eignasjóði og félagsíbúðum vegna umsýslu og yfirstjórnar.

Áætlað er að breytingar á launalið stjórna, ráða og nefnda sveitarfélagsins leiði til u.þ.b 20% kostnaðarlækkunar vegna endurskoðunar á kjörum og forsendum.

27 Óvenjulegir liðir

Nettó kostnaður	Hlutfall af skatttekjum
kr. 27.000.000,-	2,24%

Hérna færast afskrifaðar viðskiptakröfur kr. 7 milljónir og óviss útgjöld sveitarsjóðs kr.20 milljónir m.a. til að mæta launahækkunum á árinu vegna nýrra kjarasamninga og starfsmats.

28 Fjármagnsliðir

Nettó kostnaður	Hlutfall af skatttekjum
kr. -49.965.000,-	-4,15%

5. Sjóðir í A - hluta

Eignasjóður

Eignasjóður Sveitarfélagsins Skagafjarðar var stofnaður í ársbyrjun 2003. Stjórn Húseigna Skagafjarðar ehf samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2002 að eignir og skuldir félagsins yrðu færðar til Eignasjóðs. Í framhaldi af samþykkt þessari var samþykkt í Bygðarráði Skagafjarðar þann 10. janúar 2003 að sveitarfélagið keypti allar eignir og skuldir Húseigna Skagafjarðar ehf. miðað við árslok 2002.

Afgreiðsla þessi var staðfest af Sveitarstjórn Skagafjarðar þann 14. janúar 2003. Þá var og samþykkt í tengslum við nýtt skipurit sveitarfélagsins að Eignasjóður fari með málefni Félagsísbúða Skagafjarðar í samvinnu við Fjölskyldu- og þjónustusvið. Þannig verður umsýsla allra fasteigna sveitarfélagsins á einum stað. Bygðarráð Skagafjarðar fer með málefni sjóðsins.

Eignasjóður er A-hluta stofnun sem hefur með höndum umsýslu fastafjármuna sem nýttir eru fyrst og fremst af aðalsjóði sveitarfélagsins. Markmiðið með eignasjóði er margþætt. Sem dæmi má taka að raunkostnaður rekstrareininga verður sýnilegri og kostnaður dreifist á rekstur hvers árs. Ætla má að kostnaðarvitund starfsmanna sveitarfélagsins og sérþekking á rekstri fastafjármuna muni aukast.

Eignasjóður leigir út fasteignir til stofnana sveitarfélagsins samkvæmt óskum þeirra og þörfum og innheimtir leigu (svokallaða innri leigu) í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér, þ.e. fjármagnskostnað vegna viðkomandi fasteignar, afskriftir, skatta og tryggingar, viðhaldskostnað fasteignar og lóðar, auk eðlilegrar þóknunar eignasjóðs fyrir umsýslu. Leigutekjur eignasjóðs skulu standa undir rekstri einstakra eigna.

Sala eigna

Á árinu 2003 voru eftirfarandi eignir seldar út úr félagslega íbúðakerfinu og einnig má sjá þær íbúðir sem bygðarráð samþykkti að færu á sölulista árið 2004.

Íbúðir seldar 2003;

Raftahlíð 44 - raðhús
Laugatún 3 - tvíbýlishús

Sveitarfélagið Skagafjörður

Laugatún 10 - parhús
Laugatún 12 - parhús
Birkimelur 16 - einbýlishús
Víðigrund 22 - 3ja herb.íbúð í fjölbýlishúsi
Víðigrund 26 - 4ra herb. íbúð í fjölbýlishúsi.

Áætlað tap sveitarfélagsins vegna sölu þessara íbúða er kr. 8.000.000,-

Íbúðir á sölulista 2004;

Laugatún 1 - tvíbýlishús
Laugatún 2 - parhús
Laugatún 4 - parhús
Laugatún 6 - parhús
Freyjugata 30 - tvíbýlishús
Jöklatún 18 - raðhús
Jöklatún 24 - raðhús
Sætún 8 - raðhús
Austurgata 22 - einbýlishús
Austurgata 24 - einbýlishús

Áætlað tap sveitarfélagsins vegna sölu þessara íbúða er kr. 16.850.000,-

6. Eignasjóður – nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni árið 2004

Vegna skuldsættningar er framkvæmdafé af skornum skammti en framkvæmdum tengdum eignum Eignasjóðs er skipt niður í fjóra flokka:

1. Nýframkvæmdir	kr. 76.230.000,-
2. Sérstök viðhaldsverkefni	kr. 29.820.000,-
3. Eignasjóður, óskipt viðhald húsa og lóða	kr. 6.000.000,-
4. Viðhald fært á málaflokka	kr. 7.400.000,-

Samtals kr. 113.456.000,-

Hér er um að ræða örlitla hækkun frá því á árinu 2003 en þá voru settar kr. 70,3 milljónir í nýframkvæmdir og kr. 36,3 milljónir í sérstök viðhaldsverkefni.

Sundurliðun framkvæmda eignasjóðs.

Sauðárkrókur

1. Akurhlíð kr. 2.000.000,-

Frágangur lóðar verslunarhúsnæðis við Sæmundarhlíð (Hlíðarkaup) sem hefur verið ófrágengin um langt skeið. Mikil og aukin umferð akandi og gangandi vegfarenda hefur aukið slyshættu til muna vegna aðkomu að versluninni. Einnig er mikið um börn að leik austan götunnar. Á árinu 2003 var unnið að Akurhlíð 1 með eigendum verslunarinnar Hlíðarkaup og verður þeirri vinnu framhaldið.

2. Sorpurðunarsvæði

kr. 4.000.000,-

Eins og margoft hefur komið fram er sorpurðunarsvæðið á Skarðsmelum á þrotum. Gert er ráð fyrir því að með tilkomu sorptroðarans og betri nýtingu svæðisins endist núverandi urðunarrein fram á haust 2004. Unnið er að því með Húnvetningum að finna sameiginlegan sorpurðunarstað og standa rannsóknir nú yfir.

3. Geymslusvæði til útleigu

kr. 4.000.000,-

Um árábil hefur verið sótt um af hinum ýmsu aðilum að hafa gáma við hús sín og fyrirtæki. Mikil óþryði er af þessu og hefur verið ákveðið að hanna og koma á laggirnar geymslusvæði til útleigu fyrir sunan Vegagerðina. Áætlaður heidarkostnaður verksins er kr. 9 milljónir.

4. Skógargata. Jarðvegsskipti og malbikun

kr. 4.700.000,-

Um er að ræða jarðvegsskipti og malbikun sunnan Hlíðarstígs. Fyrirhugað er að byggja bílskúr sem hefur aðkomu frá þessari götu. Með þessari aðgerð verður aðkoma að Skógargötu 24 viðunandi.

5. Bílastæði við Suðurgötu

kr. 650.000,-

Áætlað er að gera bílastæði á lóðinni nr. 4 við Suðurgötu sem nýtist opinberum stofnunum á svæðinu.

6. Borgarteigur. Fráveita og malbikun

kr. 5.200.000,-

Borgarteigur verður malbikaður en fyrir liggur að byggja við götuna og þar með er gatan nánast fullbyggð. Fráveitan verður með framkvæmd samhliða þessu að upphæð kr. 6 milljónir.

7. Hlíðarstígur. Rif á húsi

kr. 600.000,-

Lengi hefur staðið til að fjarlægja húsið að Hlíðarstíg 1 en til stendur að breikka akreinar upp Kirkjuklaufina. Samþykki fyrir niðurrifi liggur fyrir og er húsið í eigu eignasjóðs. Húsið er talið óíbúðarhæft.

8. Garðarshólmi. Kaup og rif á húsi

kr. 2.000.000,-

Húsið verður að víkja vegna breytinga á Skógargötu sunnan Hlíðarstígs.

9. Hlíðarstígur. Breytingar

kr. 1.800.000,-

Þegar Hlíðarstígur 1 hefur verið rífið þá verður farið í að gera tvær akreinar í Kirkjuklaufinni og breyta Kirkjustíg við Kirkjuklauf sbr. deiliskipulagsuppdraetti.

10. Íþróttaleikvangur.

kr. 24.000.000,-

Hér er um að ræða aukið framlag sveitarfélagsins vegna uppbyggingar íþróttaleikvangsins á Sauðárkróki í samræmi við endurskoðaða framkvæmdaáætlun.

Hofsós

11. Gatnagerð vegna hótélbyggingar

kr. 8.600.000,-

Fyrirhugað er að byggja hótél fyrir ofan Vesturfarasetrið á Hofsósi næsta sumar.

Varmahlíð

12. Gangstéttar **kr. 2.000.000,-**
Nauðsynlegt er að hefja vinnu við lagningu gangstétta í Varmahlíð en ljóst er að það verk tekur nokkur ár.

13. Útivistarsvæði **kr. 1.000.000,-**
Vinna er í gangi varðandi framtíðarmöguleika á Reykjarhólnum t.d. stígagerð og undirbúningur fyrir útivistar- og tjaldsvæði.

14. Leikskólinn Birkilundur **kr. 300.000,-**
Hér er um að ræða frágang lóðar þ.e. þökulögn fyrir framan skólann.

Fljót

15. Sólgarðar **kr. 480.000,-**
Nauðsynlegt er að ganga frá kaldavatnsbólínu fyrir Sólgarða, Akur, Barð og Langhús en rennsli hefur ekki verið fullnægjandi undanfarið.

Hólar í Hjaltadal

16. Grunnskóli v/lóðar **kr. 3.000.000,-**
Unnið verður að frágangi leiksvæðis austan við skólahúsið.

17. Gatnagerð **kr. 6.000.000,-**
Mikill uppgangur er við Hólaskóla sem hefur haft í för með sér íbúðaskort fyrir nemendur. Verið er að byggja nemendagarða við tvær nýjar götur. Á síðasta ári var samþykkt að greiða gatnagerð við þessar götur og er hér um að ræða annan áfanga þess verks

Steinsstaðahverfi

18. Sumarhúsasvæði **kr. 500.000,-**
Undirbúningur svæðisins svo hægt verði að úthluta lóðum.

Annað

19. Ýmiss verkefni **kr. 5.400.000,-**

Íþróttavöllur Sauðárkróki- samningur *kr. 6.000.000,-*

Skíðasvæðið Tindastóli – samningur *kr. 6.700.000,-*

Áætlaðar tekjur v/gatnagerðar að Hólum *kr. -3.000.000,-*

Áætlaðar tekjur v/gatnagerðar á Hofsósi *kr. -4.300.000,-*

Samtals **kr. 76.230.000,-**

VIÐHALDSVERKEFNI 2004

Árskóli efrastig	1.900.000 kr.
Handrið við féló	
Laga útitróppur suðurhlið	
Yfirfara WC kjallara C-álmu þétta með stútum	
Mála ganga B-álmu + stofu c 4-6 + gang cálmu 2h	
Mála WC kjallara C-álmu	
Mála glugga holi C-álmu	
Þétta opinfög, þéttikantar, heflun, vestur og suðurhlið	
Setja drenlagn og tengja niðurföll við norðurhlið húss	
Árskóli neðrastig	3.500.000 kr.
Laga kastala, timburverk	
Öryggismöl við kastala	
Mála timburhús utan, veggj og þak	
Inngangur íþróttahús og kompur	
Endurnýja lýsingu	
Setja stokka yfir lagnir	
Mála	
Endurnýja múr og einangrun á útvegg austan	
Endurnýja snaga	
Ath gólfefni	
Skipta um 2 stk hurðar á 1 h	
Endrunýja gólfefni wc 1h	
Íþróttasalur, suður og vesturveggur 24m	
Múr og einangrun	
Málun	
Gluggar í komnir	
Varmahlíðarskóli	2.250.000 kr.
Lekavandamál við þakglugga	
Lampar í kennslustofur	
Uppþvottavél	
Grunnskólinn Hólum / Brúsabær	350.000 kr.
Þakleki	
Grunnskólinn Sólgorðum	130.000 kr.
Viðhald ofna og vatnslagna, blöndunartæki	
Tónlistarskóli Skagafjarðar	670.000 kr.
Utanhúsklæðning tengibyggingar	
Laga hellulagn + niðurföll vegna vatns við inngang.	
Mála glugga og hurðir utan	
Grunnskólinn Hofsósi	1.850.000 kr.
Málun utanhúss eldri hluti	
Viftur í skólastofur nýbyggingar	
Gólf myndmenntastofu	
Drenlagnir	
Glaðheimar	730.000 kr.
Þakviðgerðir	

Sveitarfélagið Skagafjörður

Furukot	1.000.000 kr.
Lýsing úti	
Lóð og leiktæki allmennt viðhald	
Málun inni	
Pússa og lakka alla glugga að innan	
Barnaborg	3.200.000 kr.
Klætt og málað að utan	
Birkilundur	400.000 kr.
Klemmuvarnir	
Málun inni	
Sundlaug Sauðárkróks	6.000.000 kr.
Aætlað samtals	
Sólgarðalaug	550.000 kr.
Niðurföll þak+ rennur	
Mála laug	
Hitasýrikerfi laugar, viðhald	
Íþróttahús Sauðárkróks	890.000 kr.
Þakleki að vestan	
Þakleki að austan skoða ???	
Öryggisbúnaður á körfur	
Safnahús	350.000 kr.
Ljós, hyllur og fl	
Argarður	2.800.000 kr.
Málun utan, timbur og steinn gluggar	
Múrviðgerðir	
Mála þak	
Mála laugarkar	
Rennur og niðurföll	
Annað	
Höfðaborg	700.000 kr.
Málun sturtuklefa	
Loft og veggur í forstofu	
Ketilás	2.100.000 kr.
Vinnuliður við steniklæðningu	
Vinna og efni við þakskegg	
Miðgarður	350.000 kr.
Annað	
Skagasel	100.000 kr.
Annað	
Sérstök viðhaldsverkefni	29.820.000 kr.
Eignasjóður óskipt viðhald húsa og lóða	6.000.000 kr.
Viðhald innan málaflokka	7.400.000 kr.
Alls	43.220.000 kr.

Þjónustustöð (Vélamiðstöð/áholdahús)

Nettó kostnaður

kr. 18.200.000,-

Á þjónustumiðstöð flokkast kostnaður vegna reksturs áholdahúss á Sauðárkróki, áholdahúss á Hofsósi og bíla, véla og tækja í eigu sveitarfélagsins Starfsmannafjöldi þjónustumiðstöðvar er breytilegur. Fastir starfsmenn eru 8 og yfir sumarið eru starfsmenn 16-18. Helstu verkefni starfsmanna eru viðhald gatna, fráveitukerfa, bíla, véla, tækja, hafnarmannvirkja og girðinga, snjómokstur, sorphirða, hálfu- og flóðavarnir, sláttur auk margra smærri verkefna.

Bílar eru 12 auk bíla sem nýttir eru af Brunavörnum Skagafjarðar. Af þessum 12 bílum eru 5 eingöngu notaðir af Vinnuskólanum, 1 af garðyrkjustjóra, 1 af fjölskyldu- og þjónustusviði og 5 af áholdahúsunum. Vélar eru 3, þ.e. traktorsgrafa og tvær dráttarvélar. Önnur tæki eru tveir drifskafstengdir snjóblásarar, kerrur og vagnar 8 stk., fimm véldrifnar sláttuvélar, þar af ein fjórhjóladrifin, sláttuvagn, haugsuga auk smærri tækja. Sú nýbreytni var viðhöfð sl. haust að Tónlistarskóli Skagafjarðar notaði bíla frá áholdahúsinu til hagræðingar.

5. Sjóðir í B - hluta

Skagafjarðarveitur ehf

Skagafjarðarveitur eru 100% í eigu sveitarfélagsins og skipar það henni þriggja manna stjórn. Rekstur hita- og vatnsveitu verður með svipuðu sniði og á síðasta ári. Vatnsgjald vatnsveitu er óbreytt hlutfall af fasteignamati eða 0,15% en lágmarksgjald á rúmmetra er kr. 22 og hámarksgjald er kr. 26 á rúmmetra. Aukavatnsgjald þ.e. vatn sem er selt skv. rennslismæli er kr 12,50. Hækkun á gjaldskrá vegna hitaveitu er ákveðin 3,5% frá 1. janúar 2004 og er það í samræmi við verðlagshækkanir.

Áætlaður rekstrarkostnaður beggja veitna í ár verður aðeins hærri en á því síðasta. Helstu framkvæmdir eru borun við Kýrholt, endurnýjun dreifikerfis hitaveitu á Steinsstöðum og við öflun á köldu vatni. Lántökur á árinu tengjast eingöngu boruninni við Kýrholt. Þar er um að ræða víkjandi lán sem koma ekki til greiðslu ef árangur verður enginn.

Helstu framkvæmdir - vatnsveita

Dreifikerfi	kr. 4.000.000,-
Virkjanir	kr. 5.565.000,-
Kortagerð o.fl.	kr. 1.400.000,-

Helstu framkvæmdir - hitaveita

Dreifikerfi	kr. 8.200.000,-
Virkjanir	kr. 33.450.000,-
Kortagerð o.fl.	kr. 2.800.000,-

Nýjar lántökur.

Reiknað er með að taka kr. 24.200.000,- að láni til framkvæmda.

Hafnarsjóður Skagafjarðar

Rekstur Skagafjarðarhafna er í svipuðum farvegi og árið 2003. Hafnirnar eru þrjár, Sauðárkrókshöfn, Hofsóshöfn og Haganesvík. Á áætlun eru framkvæmdir við Norðurgarð á Hofsósi á árinu 2004 að upphæð kr. 7.200.000,-. Búið er að dýpka Sauðárkrókshöfn og var efninu dælt inn fyrir grjótgarð við Þverárfjallsveginn.

Fráveita

Samtals eru tekjur áætlaðar kr. 34.000.000,- en gjöld kr. 32.416.000,- sem gerir rekstrarafgang að upphæð kr. 1.584.000. Nýframkvæmdir fráveitunnar verða á næsta ári við Borgarteig og Skógargötu sunnan Hlíðarstígs. Framkvæmdakostnaður er áætlaður kr. 10.200.000,-. Fráveitugjald er innheimt samkvæmt "Reglugerð um fráveitu í Skagafirði".

Hefðbundið viðhald er á lagnakerfunum sem er um 27 km að lengd. Eðli málsins samkvæmt er erfitt að áætla nákvæmlega viðhaldskostnað. Reglulega er farið í hreinsun á lagnakerfinu. Breyting til hækkunar útgjalda kemur hér fram en það er vegna fyrirhugaðrar breytingar á gjaldskrá um hreinsun rotþróa en borga þarf með þessari aðgerð á fyrsta ári.

Félagsíbúðir Skagafjarðar

Hjá Félagssíbúðum Skagafjarðar eru nú 90 búðir sem að langstærstum hluta eru félagslegar eignaríbúðir sem sveitarfélaginu hefur lögum samkvæmt borið skylda til að innleysa og ekki hefur tekist að selja aftur. Þær íbúðir eru allar og hafa verið í útleigu og hefur sveitarfélagið ekki þurft að standa frammi fyrir þeim stórkostlega vanda sem sum sveitarfélög hafa átt við að glíma að vera með fjölda íbúða auðar og ekkert nema kostnað vegna þeirra. Þrátt fyrir það er það staðreynd að þessar íbúðir eru það dýrar að ekki er unnt að leigja þær á því verði sem þyrfti til að leigan stæði undir heildarkostnaði við þær. Ákveðið hefur verið að selja í áföngum næstu árin þær íbúðir sem sveitarfélagið þarf ekki á að halda til að geta sinnt lögboðnum skyldum sínum um félagsleg úrræði í húsnæðismálum. Eignasjóður Skagafjarðar sér um viðhald íbúðanna í samvinnu við Tæknideild, gerð leigusamninga o.þ.h. en úthlutun þeirra til leigutaka er í samráði og samvinnu við Fjölskyldu og þjónustusvið.

Samkvæmt meðfylgjandi fjárhagsáætlun er rekstrarhalli Félagssíbúða Skagafjarðar á árinu 2004 kr. 47.705.000,-. Tekjur af leigu þeirra eru kr. 52.020.000,- en áætlað viðhald, fasteignagjöld, tryggingar, fjármagnskostnaður og afskriftir kr. 99.725.000,-.

7. Lántökur og fjárskuldbindingar

Sveitarfélagið er með nokkrar fjárskuldbindingar á sínum herðum og fastageiðslur sem tíundaðar eru í töflum 4 og 5 hér að neðan. Sýndar eru áætlaðar afborganir lána á árinu 2004, staða langtímalána og áætlaðar lántökur. Í töflu 5. má sjá greiðslur vegna fjárskuldbindinga annarra en lífeyrissjóðsskuldbindinga.

Tafla 4

<i>Allar upphæðir eru í þús.kr.</i>	Afborganir	Nýjar	Langt.lán í
	langt.lána	lántökur	árslok
	2004	2004	2004
Aðalsjóður	109.907	100.000	742.517
Eignasjóður	14.924	100.000	251.443
Hafnarsjóður	3.137	0	58.730
Fráveita	520	25.000	35.181
Félagsíbúðir	108.493	0	705.644
Skagafjarðarveitur ehf.	19.019	24.200	274.623
Samtals	256.000	249.200	2.068.138

Eftirfarandi lán eru **framkvæmdalán**:

Að auki **skuldbreytingalán**:

Eignasjóður kr. 85.000,-
Fráveita kr. 5.000,-
Skagafj.veitur kr. 24.200,-

Aðalsjóður kr 100.000,-
Eignasjóður kr. 15.000,-
Fráveita kr. 20.000,-

Tafla 5

Fjárskuldbindingar:	2004	2005	2006
Hestamiðstöð Íslands	15.000		
Skíðasvæði	6.700	6.700	6.700 Samn.lok árið 2009
Skíðasvæð - rekstur	1.200	1.200	1.200 Samn.lok árið 2009
UMFT v/skuldbreytingar	1.900	1.900	1.900 Samn.lok árið 2011
Fluga hf.	1.200		
Landsmót UMFÍ 2004	6.000	7.000	
Markaðsskrifstofa Norðurlands	2.500	2.500	2500 Lýkur 2006
Geymslan	1.200	1.200	1200
Náttúrustofa Norðurlands vestra	2.300	2.300	2.300 Samn.lok árið 2007
Samtals	38.000	22.800	15.800

Tafla 6

<i>Allar tölur í þús. kr.</i>	Endursk.	Aætlun í	Breyting frá 2003	Hlutfall
	áætlun 2003	árslok 2004		
Skuldir og skuldbindingar	2.586.843	2.625.161	38.318	1,48%
Heildareignir	3.705.486	3.607.379	-98.107	-2,65%
Fastafjármunir	3.376.951	3.307.221	-69.731	-2,06%
Veltufjármunir	328.535	300.159	-28.376	-8,64%
Veltufé frá rekstri	90.561	72.921	-17.640	-19,48%
Handbært fé frá rekstri	138.123	97.921	-40.202	-29,11%
Fjárfestingarhreyfingar	-66.738	-83.087	-16.349	24,50%
Fjármögnunarhreyfingar	-90.344	-16.800	73.544	-81,40%
Breyting á handbæru fé	-18.959	-1.966	16.993	-89,63%
